

Nd. **22. Frumvarp til laga** [22. mál]
um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „yfir 200 kr.“ í 2. málsg. 24. gr. laganna komi: yfir 5000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „nemur 500 kr.“ í 1. málsg. 25. gr. laganna komi: nemur 12000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 42 frá 1926 segir m. a., að vogrek, sem er yfir 200 kr. virði, skuli auglýst í Lögbirtingablaði og dómsmálaráðuneytið skuli senda þá auglýsingu fyrirsvarsmönnum erlendra ríkja. Síðan skal beðið í allt að 6 mánuði eftir því, hvort nokkur sanni eignarrétt sinn að vogrekinu.

Hér virðist mikið haft fyrir verðmæti, sem er e. t. v. ekki nema 250 kr. virði eftir núverandi verðgildi peninga. Er augljóst mál, að krónuupphæð sú, sem tilgreind er í lögnum, er löngu úrelt orðin.

Þá segir einnig í sömu lögum, að vogrek, sem nemur 500 kr. að verðmæti eða meira, skuli vera eign ríkissjóðs, ef enginn sannar eignarrétt sinn að því.

Um þetta atriði er hið sama að segja og hið fyrra, að krónuupphæðin, sem við er miðað í lögnum, er úrelt. Verðgildi peninga hefur breytt svo gífurlega þau 38 ár, sem liðin eru, síðan lögín um vogrek voru sett 1926, að nauðsynlegt er að færa þessi ákvæði laganna til samræmis við núverandi verðgildi peninga.